



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 531

Gustav Magnús Siemsen

(1930-2012)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 531

Gustav Magnús Siemsen

Inngangur

Gustav Magnús Siemsen var fæddur í Reykjavík 7. apríl 1930. Foreldrar hans voru þau Wera Schetelig (-1988) húsfreyja og Theódór Siemsen (1893-1966) kaupmaður.

Þann 12. júlí 1952 kvæntist hann Gustav Dagbjörtu Árnadóttur, fædd í Akri á Eyrarbakka 8. september 1929. Foreldrar hennar voru þau Kristín Halldórsdóttir húsfreyja (1888-1933) og Árni Helgason skipstjóri og útgerðarmaður (1884-1977). Dagbjört andaðist 28. febrúar 2006. Dætur þeirra eru Kristín (1953-), Vera (1956-) og Ólöf Guðfinna (1958-).

Gustav stundaði nám við Stýrimannaskólann í Reykjavík og útskrifaðist þaðan 1953. Hann starfaði lengst af sem skipsstjórnarmaður hjá Eimskip og síðast hjá Siglingastofnun.

Gustav Magnús Siemsen andaðist 16. maí 2012.

(Heimild: Morgunblaðið, 10. febrúar 1966 bls. 16, 3. september 1988 bls. 48 og 7. mars 2006)

Afhending: Helgi Máni Sigurðsson, Sjóminjasafni Reykjavíkur, afhenti Borgarskjalasafni safn Gustav Magnúsar Siemsen 5. maí 2014

Innihald: Skólaspjald, viðurkenningarskjal, vasabækur, skjöl frá sjóferðum, bækur og ljósmyndir.

Tímabil: 1914-2000

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn 1952-1969.

Mappa:

Gustav Magnús Siemsen. *Sperry Gyro Compass Equipment*, Instruction Manual o.fl., án árs.

Fremst í möppunni er reikningur fyrir greiddri risnu fyrir 1. stýrimann, G. Siemsen, 27. apríl 1961.

Vasabók, merkt Theódór Siemsen, 1955.

Vasabækur, Gústav Magnús Siemsen, 1956-1963 og 1969.

Örk 1

Farmanna- og fiskimannadeild Stýrimannaskólans. Skólaspjald 1952-1953. Gustav Magnús Siemsen er í annarri röð að ofan, fjórði frá hægri.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík. Verðlaunaskjal: Gústav Magnús Siemsen hlýtur verðlaun úr Verðlauna- og styrktarsjóði Páls Halldórssonar skólastjóra, við burtfararpróf úr farmannadeild skólans; fyrir kunnáttu, háttþryði og skyldurækni við námið, 11. maí 1953.

Mappa: *Lestunaryfirlit m/s Gullfoss. „Plön“, 1957-1961.*

Lestunaryfirlit- listar yfir vörur (farm), yfirlit um þunga skipa við brottför úr höfn, Dettifoss 1960-1961, Tröllafoss 1959 og Gullfoss 1957-1958. Skipshafnarlisti, Dettifoss, 16. júlí og 1. júní 1960. Ferðaskýrsla, Dettifoss, 1960 og Tröllafoss, þrjár skýrslur, 1959. Útdráttur úr leiðabók Tröllafoss, 17. febrúar 1959.

Fremst í möppunni er: Bráðabirgðasamkomulag milli h.f. Eimskipafélags Íslands, Skipaútgerðar ríkisins, Eimskipafélags Reykjavíkur h.f., Jökla h.f., Hafskips h.f. og Sambands íslenskra samvinnufélaga- skipadeildar annars vegar og Stýrimannafélags Íslands hins vegar, 20. apríl 1964. Skýringar á því sem vannst með nýju samningunum, án árs. Fundargerð sameiginlegs fundar Stýrimanna og Vélstjóra um borð í m/s Dettifossi, 11. júlí 1959 o.fl.

Örk 2

Múlafoss. Hafnarplön, kort o.fl. án árs.

Prentað mál

Askja 2

Prentað mál 1944 -1956.

Farmannabók: Lækningakver fyrir farmenn og aðra sjómenn ásamt fylgiritum Sóttvarnabók I-II og Sótthreinsunarreglur.

Lærebog i Nautisk Meteorologi, MCMXLIV.

Jónas Sigurðsson. *Stærðfræði handa Stýrimannaskólanum í Reykjavík*, 1946.

The Sperry Mark XIV Gyro- Compass, 1947.

H. C. Solie. *Azimet- Tabeller*, 1948.

Leiðsögurbók fyrir sjómenn við Ísland, I. Vesturland frá Reykjanesi að Horni, 1949.

Leiðsögurbók fyrir sjómenn við Ísland, III. Austur- og Suðurland frá Langanesi að Reykjanesi, 1951.

Ársæll Jónsson o.fl. *Verkleg sjóvinna: handbók sjómanna og útvegsmanna*, fyrri hluti, 1952.

Sune V. Bratt. *Radar Till Sjöss*, 1955.

J. Bes. *Chartering and Shipping Terms*, 1956.

Askja 3

Prentað mál 1946-1982.

Baker, Carver & Morrell: Ship Supplies, 1946.

H. A. Guldhammer. *Nautisk Tabelsamling*, 1956.

Páll Sigurðsson. *Um tjón af völdum skipa*, 1973.

Häfen der Welt, 1977.

Guðjón Ármann Eyjólfsson. *Stjórn og sigling skipa- siglingareglur*, 1982.

Askja 4

Prentað mál og ljósmyndir 1914-2000.

Ásgeir Jakobsson. *Siglingasaga sjómannadagsráð*, 1988.

Íslensk skipa- og hafnaskrá, 2000.

Ljósmyndir

Ljósmynd. Fyrsta stjórn Eimskipafélags Íslands, 17. janúar 1914.

Ljósmynd. Skipshöfn m. s. Gullfoss. Myndin er tekin í Kaupmannahöfn 11. apríl 1954. Gustav Magnús Siemsen er fimmti frá hægri í annarri röð, háseti.

Ljósmynd. Lagarfoss, án árs.

Ljósmynd. Lagarfoss, án árs.

Skráð í nóvember 2014
Gréta Björg Sörensdóttir